

## FUNDARGERÐ

Árið 2016, miðvikudaginn 21. september kl. 10:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Tómthúsi á 4. hæð í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Guðna Geir Einarssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Elínu Gunnarsdóttur, sem ritaði fundargerð.

Að auki sat fundinn Elín Pálsdóttir, fráfarandi forstöðumaður Jöfnunarsjóðs, þegar farið var yfir ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga undir liðnum ársuppgjör 2015.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð 26. ágúst 2016

Lögð fram fundargerð frá 26. ágúst 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerðin samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Ársuppgjör 2015

Lagður var fram til kynningar endurskoðaður og undirritaður ársreikningur Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2015. Gerð var grein fyrir einstakla tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi.

Fram kemur í ársreikningi að tekjuafgangur sjóðsins hafi numið 793,9 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir í árslok 5.802,7 og eigið fé 1.565,3 m.kr.

Hátt eiginfjárlutfall sjóðsins árið 2015 skýrist af því að ekki hefur verið dreift því fjármagni sem rekja má til aukinna tekna Jöfnunarsjóðs vegna álagningar sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki.

### 3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2016

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2016.

Farið var yfir einstaka tekju- og gjaldaliði draga að greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir fjárhagsárið 2016. Nokkur breyting hefur orðið á til hækkunar á tekju- og gjaldaliðum áætlunarinnar frá frumvarpi til lagasetningar fjárlaga 2016. Í áætluninni 2016 koma óhafin framlög fyrir árið 2015 hvað varðar yfirfærslu grunnskólans, framlög vegna þjónustu við fatlað fólk, fasteignaskattinn, húsaleigubætur og eflingu tónlistarfræðslu.

Drög að greiðslu- og rekstraráætlun ársins 2017 munu verða lögð fram á næsta fundi nefndarinnar.

*Nefndin ákvað að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2016 yrði tekin fyrir á næsta fundi nefndarinnar 21. október n.k.*

#### 4. Framlög til landshlutasamtaka vegna sóknaráætlana landshluta

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 19. september 2016 ásamt greinargerðum frá landshlutasamtökunum um framkvæmd verkefna og kostnaði þeim samfara vegna sóknaráætlunar um eflingu sveitarstjórnarstigsins árið 2016.

Nefndin hafði á fundi sínum þann 18. mars sl. samþykkt að ráðstafa 25 m.kr. í verkefnið með sama sniði og verið hefur sbr. gildandi úthlutunarreglur sjóðsins að því gefnu að greinargerðir bærust frá landshlutasamtökunum um framkvæmd verkefnanna auk sundurliðaðra kostnaðaráætlana þar að lútandi.

*Nefndin samþykkti að veita 25 m.kr. til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna framlaga til sérstakra verkefna skv. heimild í f. lið 7.gr., sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010.*

### YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

#### 5. Ársfundur Grunns

Lagður var fram tölvupóstur frá Margréti Halldórsdóttur formanni Grunns félags forstöðumanna skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúa sveitarfélaganna dags. 31. ágúst 2016.

Óskað er eftir því við ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að hún komi að fundi Grunns þann 2. desember nk. með innlegg eins og venja hefur verið undanfarin ár.

*Nefndin samþykkti umbeðna aðkomu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs að fundi Grunns þann 2. desember 2016.*

### YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

#### 6. Viðbótarframlög 2016

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 5. júlí 2016 varðandi sérstök viðbótarframlög 2016 vegna málefna fatlaðs fólks sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 179/2016.

Í minnisblaðinu kemur fram að á fundi nefndarinnar þann 24. júní sl. var samþykkt tillaga um úthlutun 300 m.kr. sérstaks viðbótaframlags en að svigrúm væri til að hækka framlagið í 400 m.kr. skv. greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins árið 2016. Gert er ráð fyrir að dreifing fjármagnsins verði á þann veg að komið sé til móts við þau þjónustusvæði þar sem rekstrarafkoma síðasta árs var hlutfallslega verri miðað við önnur þjónustusvæði. Nefndin hafði þá óskaði eftir að sjá hvernig framlagið skiptist niður á þjónustusvæði út frá mismunandi úthlutunarfjárhæðum.

Nefndin ræddi hvort hækka ætti viðbótarframlagið enn frekar, þar sem greiðslu- og rekstraráætlunar sjóðsins árið 2016 sýni svigrúm til úthlutunar 500 m.kr. sérstaks viðbótarframlags.

*Nefndin óskaði eftir að settar yrðu upp nokkrar sviðsmyndir fyrir næsta fund nefndarinnar varðandi útreikning framlagsins með mismunandi úthlutunarfjárhæðum og jafnframt ef hluta framlagsins yrði dreift með almennum hætti. Jafnframt óskaði nefndin eftir rekstrarniðurstöðum vegna þjónustusvæðanna fyrir árið 2015 til samanburðar.*

## 7. Málefni Sólheima

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 19. september 2016, um málefni Sólheima.

Í minnisblaði sjóðsins er farið yfir þróun framlaga og útsvarstekna til þjónustusvæða/sveitarfélaga, þróun framlaga til þjónustusvæðisins á Suðurlandi og þróun framlaga til Sólheima árin 2010 til 2015.

Undir þessum dagskrárlið var jafnframt lagt fram til kynningar erindi innanríkisráðuneytisins, dags. 20. september 2016, þar sem farið er þess á leit við ráðgjafarnefnd sjóðsins að hún leiti leiða til að koma til móts við stórar sjálfstæðar þjónustueiningar sem sinna heildstæðri þjónustu við fatlað fólk. Leggur ráðuneytið til að bætt verði nýjum tölulíð við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 179/2016 svohljóðandi: „Til einstakra sveitarfélaga/svæða til að mæta sérstökum kostnaði vegna stórra sjálfstæðra þjónustueininga sem starfræktar eru innan þess.“

*Nefndin samþykkti að boða forsvarsmenn Sólheima á næsta fund ráðgjafarnefndar þann 21. október nk. til að ræða fjárhagsstöðu Sólheima.*

## 8. Málefni Reykjadal

Á fundi ráðgjafarnefndar þann 27. janúar 2016 kom fram vilji til að hækka framlög Jöfnunarsjóðs til Reykjadal um 20 m.kr. á árinu 2016 vegna mikils hallareksturs á starfsemi stofnunarinnar. Eðlilegt þótti að bíða með ákvörðun þar að lútandi þar til úttekt á rekstrarhæfi starfseminnar hefði farið fram af óháðum aðila. Skýrsla sem unnin er af KPMG vegna rekstrarúttektar á starfsemi Reykjadal mun berast sjóðnum á næstu dögum.

*Nefndin samþykkti að boðað yrði til símafundar þegar skýrsla KPMG hefði borist og stefna að því að málið yrði afgreitt á þeim fundi.*

## 9. Samráðsfundur þjónustusvæða

Lagt var fram erindi Samtaka félagsmálastjóra á Íslandi dags. 19. september 2016. Í erindinu er óskað eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs með styrk að fjárhæð 185.000 kr. vegna samráðsfundar þjónustusvæða um málefni fatlaðs fólks þann 3. – 4. nóvember 2016. Samhliða samráðsfundum félagsmálastjóra eru haldin málþing um efni sem hæst bera hverju sinni á vettvangi félagsþjónustu, velferðarmála og málefna fatlaðs fólks. Þykja félagsmálastjórum þessir reglulegu samráðsfundir hafa gefist vel.

*Nefndin var sammála um að þarna væri um góðan vettvang að ræða fyrir Jöfnunarsjóðinn til að koma mikilvægum skilaboðum áleiðis varðandi framlög sem tengjast málaflökki fatlaðs fólks. Samþykkti nefndin framlag til Samtaka félagsmálastjóra á Íslandi að fjárhæð 185.000 kr. vegna samráðsfundar þjónustusvæða um málefni fatlaðs fólks.*

## 10. Önnur mál

Sagt var frá því að nýskipuð nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafi átt sinn fyrsta fund og sé næsti fundur ráðgerður þann 30. september nk. Fram kom að ráðgjafarnefndinni verði haldið upplýstri um gang vinnu nefnarinnar.

Farið var frekar yfir fyrirkomulag og dagskrá ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem fram fer síðar um daginn.

Næsti fundur ákveðinn 21. október nk.

Fundi var slitið kl. 12:15.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásgerður Gylfadóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Bjarni Jónsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Sigríður Huld Jónsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson